

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Krístrúnu Frostadóttur um þjónustu við eldra fólk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru aðgerðir og þróunarverkefni samkvæmt aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024–2028, einnig þekkt undir nafninu Gott að eldast, fjármögnuð í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028? Efsvo er, er óskað sundurliðunar á fjármögnun eftir aðgerðum og þróunarverkefnum.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið standa saman að aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024–2027, *Gott að eldast*.

Hér verður gerð grein fyrir áætluðum framlögum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna „Gott að eldast“ fyrir árin 2022–2027, sem eru samtals 850 m.kr. og sundurliðast með eftirfarandi hætti eftir árum.

	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Tímabundið framlag í fjárlögum 2022–2024	50	50	50			
Tímabundið framlag í fjármálaáætlun 2024–2028				200	250	250
Samtals	50	50	50	200	250	250

Í fylgiskjali með tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk (860. mál 153. löggjafarþings) er að finna yfirlit um kostnaðarskiptingu heilbrigðis- og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna verkefna sem ráðgert er að framkvæma á framkvæmdatíma aðgerðaáætlunarinnar.

Kostnaðarmat þingsályktunartillögu aðgerðaáætlunar:

Flokkar aðgerða	Kostnaður HRN	Kostnaður FRN	Kostnaður samtals
A. Samþætting	700 millj. kr.	210 millj. kr.	910 millj. kr.
B. Virkni	–	250 millj. kr.	250 millj. kr.
C. Upplýsing	120 millj. kr.	520 millj. kr.	640 millj. kr.
D. Þróun	140 millj. kr.	–	140 millj. kr.
E. Heimili	–	–	–
Samtals	960 millj. kr.	980 millj. kr.	1.940 millj. kr.

Eftir að fjármálaáætlun 2024–2028 var samþykkt á vorþingi var hafist handa við að útfæra nánar kostnaðarskiptingu aðgerða í áætluninni með tilliti til þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar. Þeirri vinnu er ekki lokið. Ljóst er að þær fjárheimildir sem fjárlög 2022–2024 og fjármálaáætlun 2024–2028 gera ráð fyrir og snúa að félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu komast nálægt því að uppfylla áætlaða fjárþörf ráðuneytisins. Félags- og vinnumarkaðsráðu-

neytið mun nýta útgjaldasvigrúm til að mæta þeim kostnaði sem upp á vantar í þeim hluta er snýr að ráðuneytinu.